



# Ný heildarlög um áhafnir öðlast gildi

Ný heildarlög um áhafnir skipa taka gildi um áramótin og eiga þau að skila skýrari regluverki og skilvirkara eftirliti. Þá verður Landhelgisgæslunni veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir fyrir brot gegn ákvæðum laganna, en slíkt hefur ekki verið heimilt til þessa.

Gunnlaugur Snær Ólafsson  
gso@mbl.is

Þó nokkrar breytingar eru gerðar á lögnum sem taka gildi 1. janúar næstkomandi, en er eitthvað sem útgerðir og sjófarendur þurfa sérstaklega að huga að á nýju ári?

„Með gildistöknunni er verið að sameina og uppfæra eldri lög.



Þórhildur Elínardóttir

Þótt nýju lögini taki gildi um áramótin eru breytingarnar ekki þess eðlis að þær hafi bein áhrif á útgerðir strax 1. janúar. Samgöngustofa tekur vissulega við hlutverki undanþágu- og mönnunarnefndar og einhverjar undanþágur sem áður þurfti að sækja um eru nú skrifadaðar inn í lögini svo ekki mun lengur þurfa að sækja sérstaklega um þær. Þá er skilgreint hvaða skip þurfa matsvein eða bryta, miðað við hversu lengi skipið er úti, en ekki stærð þess líkt og áður var. Einnig eru innleiddar með lögnum stjórnvaldssektir fyrir brot á lögnum,“ svarar Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu.



Ljósmynd/Wikipedia/Cavernia

Ný lög um áhafnir skipa ná einnig til erlendra skipa sem notuð eru í atvinnuskyni við Íslandsstrendur, til að mynda sláturskip sem þjónusta fiskeldi.

## Nýjar valdheimildir

Undanþágunefnd og mönnunarnefnd hafa séð um að veita tilteknar undanþágur til starfa um borð í skipum og ákveða frávik frá mönnunarkröfum. Eins og fyrr segir færast þetta hlutverk til Samgöngustofu, en samhliða því er úrlausn brota einfölduð með því að Landhelgisgæslunni verður veitt heimild til að taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir. Það kann að hljóma einkennilega að Landhelgisgæslan hafi ekki haft þessa heimild til að leggja á stjórnvaldssektir fyrir brot á lögum um áhafnir skipa, hvorki á fiskiskipum né farþega- og flutningaskipum.

Þórhildur útskýrir að Landhelgisgæslan hafi þurft að kæra öll mál til lögreglu. „Slíkt ferli hefur verið óþarflega þunglamalegt og dýr umsýsla að einföld brot þurfi alltaf að rata fyrir dóm. Með nýju lögnum fær Landhelgisgæslan heimild til að sekta aðila fyrir að stjórna skemmtibát án tilskilinnna réttinda, fyrir að brjóta reglur um lögskráningu, svo sem að lögskrá rétt og vera með réttar tryggingar áður en siglt er af stað.

Þá verður Gæslunni líka heimilt að sekta skipstjóra fyrir að fela öðrum en þeim sem hefur réttindi til þess hlutverk um borð í skipi, til dæmis ábyrgð á siglingavakt í brú. Svo verður heimilt að sekta útgerð ef hún getur ekki framvísað heilbrigðisvottorði fyrir alla skipverja þegar innleiddar hafa verið viðeigandi heilbrigðiskröfur fyrir allar stöður. Svo mun Landhelgisgæslan geta sektað útgerð eða skipstjóra séu aðrir en lögmætir skírteinishafar ráðnir til starfa sem krefjast skírteina, að ekki sé til skrá yfir skipverja og stöður þeirra um borð í skipinu og að mönnun skipsins sé röng miðað við lög eða ákvæðunum um mönnun í tilvikum annarra skipa en fiskiskipa.“

## Ná einnig til erlendra skipa

Nýju lögini gera ráð fyrir að það séu sömu mönnunarkröfur og áður fyrir fiskiskip en „skert er á því að það þarf stýrimann í öll skip sem er lengur úti en 14 tíma, enda er hámarksvinnutími sjómanna, sama hvaða stöðu þeir gegna, 14 tímar á sólarhring. Þetta hefur verið í lögum um langa hríð en ekki allir verið sammála um að það væri nægilega skýrt svo það var skrifað skýrar,“ segir Þórhildur.

Nýtt er í lögnum að þau taka jafnt til íslenskra skipa sem og erlendra sjófarar sem hafa verið við Íslandsstrendur í 30 daga samfleytt eða 90 daga á ári. Eiga því ákvæði laganna einnig við um áhafnir



Ljósmynd/Sildarvinnslan: Þorgeir

Í nafni kynhlutleysis í lagsetningu er í lögum nú stuðst við hugtakið fiskari í stað fiskimaður.

## Helstu atriði nýju laganna

- Auk allra íslenskra skipa ná lögini nú einnig til erlendra skipa sem notuð eru í atvinnuskyni á íslensku innsævi í 30 daga samfleytt, eða samtals 90 daga á ársgrundvelli. Það gildir t.a.m. um skírteinakröfur, lágmarksmönnun, vaktstöðu, vinnu- og hvíldartíma og vinnuskilyrði.
- Undanþágunefnd og mönnunarnefnd skipa eru lagðar niður og Samgöngustofa tekur við hlutverki þeirra. Lagaskilyrði, um veitingu á undanþágum til þeirra sem ekki hafa tilskilin atvinnuréttindi til skip- og vélstjórnar, eru þrengd.
- Ákvæði um að ávallt skuli vera tveir skipstjórnarmenn með tilskilin réttindi um borð smáskipa sem eru innan við 15 metra þegar útivist þeirra fer yfir 14 klukkustundir er skýrara og þrengra. Þó er gert ráð fyrir að þegar eigandi smáskips er lögskráður sem skipstjóri og smáskipavélavörður og er einn um borð, þurfi ekki stýrimann eða annan smáskipavélavörð þótt útivist fari fram yfir 14 klukkustundir.
- Kröfum um að borð séu matsveinar eða brytar er breytt þannig að miðað verður við útivist skips en ekki stærð þess eins og gildandi lög kveða á um.
- Dreigið var úr karlægni í orðfæri laganna. Þannig er orðið „fiskari“ notað í stað „fiskimanns“ og „útgerð“ í stað „útgerðarmanns“.
- Með lögnum fá Landhelgisgæsla Íslands og Samgöngustofa heimild til að leggja á stjórnvaldssektir fyrir brot á tilteknum ákvæðum laganna og reglum samkvæmt þeim.

erlendra þjónustuskipa laxeldis, dýpkunarskipa, dráttarskipa, farþegaþáta og farþegaskipa í útsýnis- og skoðunarferðum.

Þórhildur segir þegar til staðar leiðir til að fylgjast með dvalartíma erlendra skipa á innsævi landsins.

„Skip tilkynna stöðu sína reglulega til Vaktstöðvar siglinga og skulu almennt tilkynna stöðu sína með sjálfvirkum tilkynningarbúnaði. Þannig liggja fyrir rafrænar upplýsingar um skip á íslensku yfirráðasvæði á hverjum tíma. Samgöngustofa mun

hafa eftirlit með þessum skipum líkt og almennt gengur og gerist með samstarfi við hafnaryfirvöld, Landhelgisgæsluna og önnur yfirvöld. Eftirlit Landhelgisgæslunnar á hafi úti er svo órjúfanlegur þáttur í þessu eftirliti þar sem líklegast væri að upp kæmist um brot.“

## Fiskarar

Þórhildur upplýsir að sérstaklega hafi verið gætt að því að orðalag þeirra væri kynhlutlaust, en þó ekki þannig að það nái til tiltekinna hugtaka sem hafa unnið sér til hefðar að vera sérstaklega kynjuð. Frá áramótum verður því í lögnum notað hugtakið „fiskari“ í stað „fiskimanns“ eins og áður var, sem og „útgerð“ í stað „útgerðarmanns“.

Spurð hvort lögini séu til þess fallin að ýta undir bættu stöðu jafnréttismála á sjó, svarar Þórhildur: „Lögini ein og sér tryggja auðvitað ekki fullkominn árangur í jafnréttismálum á sjó, heldur þarf menningin og umhverfið að fylgja. Það er verkefni sem þarf stöðugt að þróa í öllum greinum og nær ekki eingöngu yfir jafnrétti kynjanna heldur bara almennt um gott vinnuumhverfi þar sem virðing er borin fyrir öllu fólki. Orðfæri nýju laganna er lítið en mikilvægt skref í þá átt.“